

Samkeppnishæfni bleikjueldis

Valdimar Ingi Gunnarsson
Fiskeldishópur AVS




Efnisyfirlit

- **Samkeppnishæfni bleikjueldis**
 - Veikleikar
 - Styrkleikar
 - Tækifæri
 - Ógnanir



Veikleikar: Fjarlægð frá mörkuðum



- **Leiðir til að bæta samkeppnishæfni:**
 - Flytja út flök og aðrar unnar afurðir
 - Flytja bleikju með skipum til Evrópu
 - Bæta almennt tíðni flutnings og stytta flutningstíma.

Styrkleikar: Aðstæður til bleikjueldis

- **Betri landfræðilegar aðstæður:**

- Ekkert af samkeppnislöndum hefur þá gnótt af lindarvatni, jarðhita og jarðsjó sem er að finna hér á landi þar sem hægt er að skapa kjöraðstæður fyrir bleikjuna m.t.t. hita og seltu.
- Í samkeppnislöndum er takmarkað aðgengi að grunnvatni og vandamál með of heitt yfirborðsvatn á sumrin.

Styrkleikar: Hagkvæmari eldistækni

- **Land- og strandeldi**

- Vegna takmarkaðs grunnvatns og dýrrar orku þurfa samkeppnisaðilar að nota dýr hringrásarkerfi til að endurnýta vatn.
- Hér á landi hafa verið notuð einfaldari og ódýrari kerfi við þaul- og endurnot á vatni, þar sem orkan (jarðhiti) er ódýrari á Íslandi og meira magn er af grunnvatni.

Styrkleikar: Hagkvæmari eldistækni (frh.)

● Kvíaeldi

- Stofnkostnaður í kvíaeldi er lægri en í land- eða strandeldi.
- Erfiðlega hefur gengið að ala bleikju í kvíum í samkeppnislöndum:
 - Of heitt á sumrin og oft mikil afföll á fiski
 - Kalt á veturna og lítill vöxtur, jafnframt vandamál með lagnaðarís/rekís.
- Möguleikar eru á kvíeldi hér á landi á svæðum með mikið rennsli af lindarvatni.

Styrkleikar: Stærri og hagkvæmari stöðvar

- Aðstæður hér á landi bjóða upp á að byggja mjög stórar stöðvar og ná þannig stærðarhagkvæmni.
- Í samkeppnislöndum er aðeins hægt að vera með litlar stöðvar í stöðuvötnum og takmarkað magn af grunnvatni gefur ekki möguleika á að byggja stórar stöðvar.

Styrkleikar: Jafnari framleiðsla

- **Kvíaeldi hjá samkeppnislöndum**

- Í stöðuvötnum er hitastig lágt yfir vetramánuðina og vöxtur því lítill eða enginn.
- Á sumrin getur vöxtur orðið mikill en hættu er á afföllum ef hitastig verður of hátt í eldisvatninu.

- **Land- og strandeldi á Íslandi:**

- Þar sem aðgengi er að lindavatni eða jarðsjó ásamt jarðhita er hægt að tryggja jafnan hita og framleiðslu allt árið.

Styrkleikar: Vel staðið að kynbótum


- Í upphafi virðist betur hafa verið staðið að söfnun á efniviði til kynbóta á Íslandi en í samkeppnislöndum.
- Aftur á móti hafa kynbætur verið stundaðar lengur í samkeppnislöndum og hugsanlegt er að þau séu komnir lengra í kynbótastarfinu.
- Ef rétt er staðið að kynbótum á Íslandi getum við e.t.v. náð forskoti í framtíðinni með styttra kynslóðarbil á íslenskum bleikjustofnum en er hjá samkeppnislöndunum.

Tækifæri

- Auka hlutfall flaka, flakbita og annarra unninna afurða til að lækka flutningskostnað
- Flytja bleikju með skipum til Evrópu
- Efla markaðsetningu og samstarf við sölu á bleikju
- Finna og nota erfðavísa til að flýta framþróun í kynbótastarfinu
- Bæta framleiðsluferilinn
- Þróa ódýrara fóður sem hentar betur þörfum bleikjunnar
- O.s.frv.

Tækifæri: Margar hentugar staðsetningar til bleikjueldis

Stærstu lindasvæðin	Rennsli m ³ /s
Þingvallavatn	85
Brúará	36
Eldvatn í Meðallandi	35
Mývatn	32
Haukadalur	26
Hraunfossar-Húsafell	20
Rangárvellir	21
Lón í Kelduhverfi	19
Svartá við Vaðöldu	18
Rangárbotnar	15
Suðurá, Bárðardal	15



Tækifæri: Bæta framleiðsluferlið

- **Framleiðsla hroгна**

- Stærri stöðvar framleiði sín eigin hroгn og taki inn reglulega kynbættan efnivið
- Nýta ljósastýringu til að framleiða hroгn flesta mánuði ársins.

- **Framleiðsla seiða**

- Bæta gæði seiða og flokka frá lök seiði (**henda**)
- Auka vaxtarhraða seiða með því að ala þau við betri aðstæður þ.m.t. hærri hita.

- **O.s.frv.**

Ógnanir: Er markaðsetning stærsti flöskuhálsinn?



• Markaðsmál

- Markaður fyrir bleikju er lítill og viðkvæmur
- Hætta er á að ekki takist að byggja upp nýja markaði í takt við framleiðsluaukningu næstu ára
- **Lítið samstarf í markaðsetningu getur valdið undirboðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum**
- Að ekki takist að aðgreina bleikju frá öðrum laxfiskum sem sérstaka hágæðaafurð.

Ógnanir (frh.)

• Aðstaða til bleikjueldis

- Ef tekst að þróa bleikjustofn sem hefur gott seltupól og/eða hitapól, t.d. með hjálp erfðartækninnar, mun samkeppnishæfni breytast okkur í óhag.
- Hugsanlega eru betri aðstæður til bleikjueldis í öðrum heimsálfum/löndum s.s. í Chile.